



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

54. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn 13. okt. 1980. Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinsson formaður skólanefndar, Eggert Ólafsson, Jón Hólmgeirsson, Sævar Guðbergsson, Ómar Bjarnþórsson, Hreinn Ásgrímsson, Sturlaugur Ólafsson, fulltrúi kennara, Elías Georgsson, fulltrúi nemanda og Valtýr Guðjónsson, ritari.

Þetta var rætt.

1. Formaður og skólameistari lýstu viðræðufundi sem þeir áttu með starfsmönnum menntamálaráðuneytisins hinn 2. október síðastliðinn. Fundinn sátu af skólans hálfu: Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, Valtýr Guðjónsson, reikningshaldari skólans og Jóhann Einvarðsson, alþingismaður, en af ráðuneytisins hálfu deildarstjórnarnir Árni Gunnarsson, Hörður Lárusson, Indriði Þorláksson, Stefán Ólafur Jónsson og Örlygur Geirsson, og Leifur Eysteinnsson, fulltrúi. Þetta var rætt m.a.:
 - a) Endurnýjun stofnsamnings og samning reglugerðar fyrir F.S. Ákveðið var að fresta um sinn umræðum um hvort-tveggja.
 - b) Fyrirkomulag stjórnunarinnar skólans þar sem kveðið er á um afmarkað valdsvið stjórnenda sbr. viðfest fylgiskjal. Málið kynnt, en umræðum frestað.
 - c) Tölvuvinnsla. Rætt var um að flytja hana úr Reikni-stofnun Háskólans í Sparisjóðinn í Keflavík þar sem fyrir eru fullkomin tæki og mjög þjálfaðir fagmenn á þessu sviði. Áformað er að flytja stundatöflugerð strax, og námsferilsskráningu eftir nánari athugun. Málið ekki útkljáð.
 - d) Fjallað um starfsemi öldungadeildar skólans. Ráðuneytismenn töldu að ekki ætti að kenna námsefni grunn-skóla, - slíkt væri verkefni námsflokka. Skólameistari benti á að fornámsáfangi í íslensku, dönsku ensku, og stærðfræði væri eðlilegt að kenna þar, sem í dagskólanum.

Fundarmenn voru sammála um að eðlilegt væri að nemendur öldungadeildar stefndu að tilteknum námslokum. Ráðuneytismenn töldu óheimilt að kennsla færi fram annars staðar en í Fjölbrautaskólahúsinu. Fulltrúar skólans töldu litlu skipta hvar kennt væri ef námið færi fram samkvæmt áfangalýsingum í NÁMSVÍSI. Ekki fékkst niðurstaða í þessu máli.

- e) Fundarmenn voru sammála um að drög að nýrri reglugerð um iðnfræðslu þurfi að endurskoða betur og ekki væri tímabært að gefa hana út.
 - f) Skólameistari skýrði frá viðræðum milli forráðamanna skóla annars vegar og heilbrigðismálaráðherra og starfsmanna hans hins vegar um tilhögun sjúkraliðanáms.
 - g) Athugasemdir menntamálaráðuneytis um einstaka gjaldaliði í ársreikningum skólans 1979, sbr. bréf ráðuneytisins dags. 31. júlí síðastliðinn. Þar sem sveitarfélög og ríki reka skólann saman hafa fulltrúar sveitarfélaganna bent á að óviðunandi sé að ríkið úrskurði einstaka gjaldaliði án samráðs við þau. Alþingismaðurinn tók þátt í þessari umræðu og undirstrikaði þetta sjónarmið sveitarfélaganna.
2. Lagt fram yfirlit um fjárhagsstöðu skólans pr. 1. október síðastliðinn, þ.e. rekstraryfirlit og listi yfir ógreiddar skuldir. "Önnur" rekstrargjöld fyrir árið 1980 voru áætluð kr. 125 milljónir. Gjöldin sýna nú eftir 3 ársfjórðunga um 100 milljóna útgjöld. Nokkrir nýrri gjaldaliðir hafa komið inn í dæmið, og mun áætlunin ekki standast alveg. Tillög sveitarfélaganna hafa þegar verið innheimt að mestu, en nokkuð skortir enn á hlut ríkissjóðs. Lausaskuldir skólans eru innan eðlilegra marka, en vaxtaaukalan í Sparisjóðnum í Keflavík er í vanskilum.
3. Rætt um tækjakaup vegna verknáms, en til kaupanna er áætlað að þurfi 40-60 milljónir kr., sbr. viðfest fylgiskjal. Verknámið hefur hingað til farið fram í leiguhúsnæði þar sem líka hafa verið notuð tæki gegn leigu, en nú þarf að kaupa þau til notkunar í verknámshúsi skólans á Iðavöllum 1. Hallast var helst að því að kaupa tækin gegnum Innkaupastofnun ríkisins, en leita jafnframt eftir kaupum á einstökum tækjum á innanlandsmarkaði, kynnu þau að vera fáanleg, og nothæf. Talið var rétt að segja upp leigusamningi fyrir trésmíðaiðn við Héðin Skarphéðinsson frá næstu áramótum.

Málmiðnabraut er þegar flutt í Iðavelli 1, og leigu hjá Skipasmíðastöð Njarðvíkur því lokið. Var samþykkt að færa Héðni þakkir fyrir leiguaðstöðuna undanfarin ár, en hann var staddur á fundinum, - svo og Skipasmíðastöð Njarðvíkur.

4. Skólameistari tilkynnti ráðningu Ágis Sigurðssonar sem áfangastjóra, og ráðningu Guðrúnar Snorradóttur til aðstoðar í bókasafni í fullt starf (9. fl., 40 st. á viku).
5. Fulltrúi kennara lagði fram tillögu um kaup á tækjum í eldhús í kennarstofu skólans, skv. viðfestu fylgiskjali yfir tækin. Matráðskona hefur verið ráðin í heils dags starf, í stað hálfs áður. Talin er þörf á að afla tækjanna smátt og smátt.
6. Skólameistari lagði fram greiðsluáætlunaryfirlit frá ríkissjóði, pr. 15. september síðast liðinn. Ber það með sér kr. 37.7 milljóna mismun innan við áætlun, til sama tíma sbr. meðfylgjandi fylgiskjal.

Fleira var ekki gert.

Valtýr Guðjónsson, ritari.

Skipting stjórnunarþátta

milli skólameistara, aðstoðarskólameistara og áfangastjóra.

Jón Böðvarsson, skólameistari

kemur fram fyrir hönd skólans og annast því öll samskipti við opinbera aðila, svo sem ráðuneyti, sveitarstjórnir, aðra skóla og sérstofnanir (t.d. Iðnfræðsluráð)

setur skóla, slítur honum og áritar öll lokaprófsskírteini

velur deildarstjóra

stjórnar kennarafundum og skólastjórnarfundum

sér um útgáfu skólaskýrslu

hefur yfirumsjón með skrifstofu, bókasafni og skjalasafni

fer með stjórn allra skipulagsmála, (nýbyggingamál, ákvarðanir um námsbrautir, Námsvísir fjölbrautaskóla)

sér um fjárlagaundirbúning og fer með alla fjármálastjórnun í samráði við skólanefnd og fjármálastjóra - nema annað sé fram tekið og áritar reikninga áður en þeir eru greiddir (hér undir falið bóka og tækjakaup og launa og kjaramál)

sér um námsstyrkjamál,

sér um kennararáðningar í samráði við skólanefnd og ræður aðra fasta starfsmenn svo sem fjármálastjóra, fulltrúa, bókavörð, hús-vörð og gangavörð.

Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, fer með eftirtalda málaflokka í umboði skólameistara:

stjórnar öldungadeild

hefur umsjón með húsum skólans og notkun þeirra til kennslu og félagsstarfa, tækjakosti og sérstofum

sér um viðhald á húsum og húsmunum

hefur yfirumsjón með fjölföldun og rekstri fjölritunartækja, m.a. verðlagningu og innheimtu

sér um nýnemaskráningu, fjarvistabókhalð, innheimtu pappírsgjalda, efnisgjald og þáttökugjalda í öldungadeild

hefur af skólans hálfu umsjón með félagsmálum og félagsaðstöðu nemenda (bóksölu, mótuneyti, húsnæðisaðstöðu o.fl.)

sér um íþrótt- og heilsugæslumál

stjórnar fundum skólaráðs

annast prófstjórn

skipuleggur og undirbýr deildarstjórafundum og umsjónarkennara-
fundum í samráði við áfangastjóra og hefur í samvinnu við hann
úrskurðarvald varðandi kennsluskiptingu og stundaskrárgerð

ræður félagsmálastjóra, tækjavörð, umsjónarmenn með sérstofum
og starfsmenn við ræstingu, matseld og fjölritun

Ægir Sigurðsson, áfangastjóri fer með eftirtalin mál í umboði
skólameistara:

hefur umsjón með öllum verkliðum áfangakerfis, svo sem vali,
breytingum á vali, p-áföngum, einkunnaferlum og öðru námsbókhalði

úrskurðar um allar undanþágubeiðnir nemenda varðandi nám þeirra

skipuleggur og undirbýr deildarstjórafundum og umsjónarkennara-
fundum í samráði við aðstoðarskólameistara og hefur í samvinnu
við hann úrskurðarvald varðandi kennsluskiptingu og stundaskrár-
gerð

annast námsráðgjöf og námsmat

hefur umsjón með allri tölvuvinnslu gagna og er því sambandsaðili
skólans við tölvudeild Sparisjóðsins í Keflavík

stjórnar deildarstjórafundum

sér um útgáfu FS - blaðsins

ræður starfsmann við stundaskrárgerð ef þörf krefur.

Skólameistari, aðstoðarskólameistari og áfangastjóri hafa fasta
viðtalstíma tvisvar í viku. Auk þess halda þeir vikulega fundum
á starfstíma skólans. Skulu þar rædd ágreiningsmál ef upp koma.

Skólameistari situr alla fundum skólanefndar, en aðstoðarskóla-
meistari og áfangastjóri er heimil fundarseta þegar rædd eru
mál sem falla undir málaflokka þeirra.

ELDHÚS KENNARA F.S.

Veitingar:

Súpur

Smurt braut (óskreytt)

mjólkurvörur (skyr, súrmjólk, jógúrt, eplajógi, osopi)

Ávextir

grænmetissalat

Áhöld:

eldavél, heimiliseldavél

frystiskáp eða sameinað í einn skáp, tvöfaldar hurðir
ísskáp

Laus áhöld:

1 stk. 10 l pottur

2 " 5 l pottar

1 " mulimix, grænmetiskvörn

1 " áleggshníf

1 " stóran hníf (kjötsveðja)

3 " heimilishnífa

1 " grænmetishníf (lítill hnífur)

4 " sleifar

2 " ausur (súpu og sósu)

2 " skurðarbretti úr plasti (ekki tré)

1 " písk

1 " sleikjara

1 " dósaopnara (best að fá á vegg)

1 " desilítra- og lítramál

3 " skálar af mismunandi stærð

4-5 stk. álföt

4 stk. glerföt

1 " gataspaða

1 " pönnu

hnífapör fyrir 25

könnur fyrir 25

djúpa og grunna diska fyrir 25

kökudiska fyrir 25

salatskálar fyrir 25

GREIÐSLUMAN	TILFÆRSLUR	LAUNAHEKKUN	ADRAR BREYTINGAR	GREIÐSLU HEIMILDAR
-------------	------------	-------------	------------------	--------------------

JANUAR			5,5-	32,8
FEBRUAR			6,3-	37,4
MARS			5,5-	34,8
APRIL			5,5-	34,8
MAI			5,5-	34,8
JUNI			3,6-	24,9
JULI			3,4-	23,4
AGUST			3,4-	23,4
SEPTEMBER		3,5	6,2-	47,2
OKTOBER		3,5	6,2-	47,2
NOVEMBER		3,5	6,2-	47,2
DESEMBER		4,2	7,7-	56,8
* SAMTALS *		14,7	65,0-	444,7

GREIÐSLU HEIMILD TIMABILID JANUAR TIL DESEMBER	444,7
GREIÐSLUR TIL 15.09.80	255,8

EFTIRSTÖÐVAR TIL ARAMOTA	188,9
--------------------------	-------

HEIMILD TIL GREIÐSLU TIL 15.09.80	293,5
GREIÐSLUR TIL 15.09.80	255,8

MISMUNUR UTGREIÐSLU OG AÆTLUNAR 15.09.80	37,7
--	------

TILFÆRSLUR, LAUNAHEKKANIR OG ADRAR BREYTINGAR, SYNA HREYFINGAR
FRA SIDASTA YFIRLITI